

Í vestursal Kjarvalsstaða hefur heilt þorp risið á örskömmum tíma. Tilefnið er einkasýning Hannesar Lárussonar, Hús í hús. HEIÐA JÓHANNSDÓTTIR heimsótti þorpið og hitti þar listamanninn að máli.

# ÍMYNDAÐ NOTAGILDI MÖGULEGRA MANNABÚSTAÐA

Á SÝNINGUNNI Hús í hús, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum kl. 16 í dag, hefur Hannes Lárusson komið fyrir ellefu húsum, sem minna á leikmynd, enda hönnuð með ímyndað notagildi í huga. Byggingarnar gætu vel hentað einhleypingum, eins og Hannes orðar það, og eru því ekki líkón, heldur líkingar mögulegra mannabústaða sem þó er ekki fyllilega hægt að taka alvarlega.

Á sýningum á undanförunum árum, m.a. á Ostsee-tværingnum í Rostock í Pýskalandi og á samsýningu nokkurra listamanna í Hallormsstað, hefur Hannes notað hús sem miðil og vísað þar til óljósra marka myndlistar, nýttalistar og hönnunar. En um leið er að finna á sýningunni ýmsa þætti sem Hannes hefur unnið með á ólíkum tímum rúmlega tuttugu ára ferils síns sem myndlistarmaður. Þann feril gefur Gunnar J. Arnason yfirlit yfir í sýningarskrá sem gefin er út í tengslum við sýninguna. Þannig eru hurðir bygginganna málaðar í mismunandi litum, sem Hannes blandar sjálfur, og hefur notað með einum eða öðrum hætti í verkum sínum.

Önnur kunnugleg stef eru útskorna viðarasan, sem vísar til hugmyndarinnar um listamanninn sem hagleikssmið í íslenski alþjóðhefð, en hangir á bakhlíð húsanna án nokkurs sýnilegs hlutverks. Á sköftum ausanna tróna drýsiljölflar og eldtungur Vafurlogaverkefnis Hannesar teygja sig upp úr húsþökunum.

Hannes er í fyrstu spurður hvort líta megi á þessa sýningu í vestursal Kjarvalsstaða sem nokkurs konar yfirlitssýningu. „Í myndlistinni nota ég ákveðið táknakerfi til að nálgast umfjöllunarefnið, og orðaforða þess hef ég í raun verið að þróa í gegnum tíðina. Þegar mér bauðst að sýna hér í vestursalnum var upphaflega hugmyndin sú að setja saman einhvers konar sýningu sem gæfi yfirlit yfir ferilinn. En í stað þess að reisa t.d. í salnum eitthvert húsanna sem ég hef sýnt áður ákvað ég að búa til nýja sýningu þar sem ég tvinna saman þá þætti sem ég hef verið að vinna með. Ég get í raun ekki hugsað mér að „endurtaka“ verk, því hvert þeirra markast í raun af þeim tíma sem það er unnið á og því rými sem notað er. Mín endurtekning gengur þannig út á að nota sömu hlutina aftur og aftur, en bara á mismunandi hátt,“ segir Hannes.

– En nú virðast þessi tákn vera æði sundurleit. Er einhver leið að lesa í þau heildstæða merkingu?


„Ég vinn eiginlega algerlega á hinum pólnum við hina módernísku hugmynd um hið heilsteypa listaverk. Hvert og eitt verk sem ég geri er í raun lagskipt, og myndu sumir e.t.v. líkja þeim við einhvers konar merkingarflækju. Hins vegar er verkunum ætlað að vera aðgengileg á ólíkum viðtökusviðum. Þessi sýning getur vel höfðað til barna og þeir sem hafa fylgst með því sem ég hef verið að gera munu hins vegar geta gengið að ákveðnu merkingarsamhengi.

Hins vegar finnst mér ég fyrst á undanförunum árum hafa náð fullri virkni í þessu tungumáli sem ég hef verið að kanna. Ég hef í raun verið að þróa orðaforðann smám saman, hef tekið eitt stef fyrir í einu, og unnið með þau sem afmörkuð viðfangsefni, jafnvel þó að þau séu hluti af stærri heild. Þess vegna hafa verkin mín kanski ekki alltaf verið svo aðgengileg.“

– Og hvert er þetta merkingarsamhengi sem lesa má í sýninguna með hlíðsón af fyrri verkum þínum?

„Ég hef verið að takast á við spurningar um áhrif þjóðmenningar og heimsmenningar í listsköpun, en einnig togstreituna þar á milli. Hver listamaður vinnur nefnilega í senn út frá því alþjóðlega samhengi sem mótar listsköpun hvers tíma, og því menningarumhverfi sem hann sjálfur er staddur í.“

– Nú eru húsín á sýningunni ellefu talsins, og hefur verið bent á að talan 11 tengist öðrum viðfangsefnum þínum á menningarsviðinu, þar sem þú hefur m.a. látið til þín taka við rekstur Galleris 11 við Skólavörðustíg og skipulagningu myndlistarviðburða. Þá hefur þú tekið þátt í umræðum á opinberum vettvangi um



Morgunblaðið/Golli

Hannes Lárusson gægist milli húsa í vestursal Kjarvalsstaða, þar sem hann opnar sýninguna „Hús í hús“.

myndlistarlífíð á Íslandi. Líturðu á þessi störf sem hluta af myndlistarsköpun þinni?

„Já, ég hef alltaf lítið á þessa hluti sem hluta af minni myndlist. Enda er það sem ég er að gera byggt á félagslegum grunni. Það umhverfi sem myndlistarmenn starfa innan hefur sem fyrr segir mikil áhrif á listsköpun þeirra og því ekki síður mikilvægt fyrir listamanninn að reyna að hafa áhrif á þetta umhverfi. Íslenskur myndlistarheimur er til dæmis óþarflega einangraður og skortir í raun skilning á því að myndlistin verður aldrei takmörkuð við íslenska þjóðmenningu. Um leið og íslenskir myndlistarmenn eru óneitanlega sprotnir úr þeim menningarjarðvegi sem hér ríkir þurfa þeir sífellt að takast á við arfleifð 20. aldar myndlistarinnar. Togstreitan og samspiði milli íslenskrar menningar og alþjóðlegrar sem hefur mótað okkar sjónarhorn veitir hins vegar sérstöðu sem er jákvæð. Ég held að ís-

lenskir myndlistarmenn eigi fullt erindi í að starfa í alþjóðlegu samhengi og gera þá vaxtarbroddana í heimslífinni að viðmiði í sinni vinnu. Það þarf hreinlega að opna íslenskan myndlistarheim upp á gátt.“

– Þú hefur oft vakið athygli með líflegum gjörningum. Hvers konar gjörning ætlaðu að flytja við opnun sýningarinnar?

„Hann verður í raun bara í eðlilegu framhaldi af sýningunni sem slíkri. Þessi gjörningur, sem og aðrir sem ég hef gert, verður fyrst og fremst til af þörf fyrir að verða hluti af verkinu á líkamlegan hátt. Myndlistarmaðurinn rennur alltaf á ákveðin hátt saman við verk sín og mun ég útfæra það með nokkurs konar ósýnilegri nærveru myndlistarmannsins á sýningaropnun,“ segir Hannes Lárusson að lokum.

heida@mbl.is

## Tví- og þrívíð höggmyndalist

Í MIÐRÝMI Kjarvalsstaða verður opnuð í dag sýning á verkum Nielsar Hafstein og Sólveigar Aðalsteinsdóttur. Er þar um að ræða upphafið að sýningarverkefninu „Félagar“ sem haldið er í tilefni af 30 ára afmæli Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Valdir hafa verið sex listamenn úr röðum félagsmanna til að sýna á þremur aðskildum sýningum í miðrými Kjarvalsstaða, tveir og tveir í senn, en á hverri sýningu er leitast við að stefna saman eldri og yngri félögum úr Myndhöggvarafélaginu.

Sýningarstjórn verkefnisins er í höndum Ólafar Nordal, Péturs Arnar Friðrikssonar og Helga Hjaltalín. Í ágúst á þessu ári verður síðan opnuð stór yfirlitssýning í Hafnarhúsinu sem er ætlað að varpa ljósi á það sem íslenskir myndhöggvarar eru að fást við í dag.

„Sýningunum sem haldnar verða hér í miðrými á Kjarvalsstöðum er ætlað að gefa inn-sýn í verk úr ferli félaga af ólíkum kynslóðum Myndhöggvarafélagsins,“ segir Sólveig Aðalsteinsdóttir en verk hennar, „Uppgufaðir vatnslitir á pappír“, myndar uppbotna línu eftir endilöngum vegg miðrýmisins. Niels Haf-

stein sýnir smáverk frá ýmsum tímabilum sem komið er fyrir í átta sýningarbásum. Sólveig segir athyglisvert hvernig ólíkum kynslóðum myndhöggvara er stefnt saman með þessum hætti, enda um að ræða breiðan hóp listamanna sem vinni bæði með tvívíð og þrívíð verk. „Ég vinn fyrst og fremst með ákveðnar hugmyndir og efni, en úrvinnslan er aðstæðum háð. Verkin sem ég sýni hér eru unnin með því að leggja pappír í vatnslitabað. Þegar vatnið gufar upp mynda litirnir tilviljunarkennd mystur. Með þetta viðfangsefni hef ég unnið bæði í tvívíðu og þrívíðu formi,“ segir Sólveig.

Aðspurð segir hún ekki að sjá mikið kynslóðabil milli verkanna sem hún og Niels sýna nú á Kjarvalsstöðum, munurinn felist fremur í aðferð.

„Niels er mjög skematískur og lógískur í sinni myndlist og fylgir þar ákveðinni reglu en mín verk eru yfirleitt organísk og tilviljunarkennd. Hins vegar birtist munurinn á myndlist okkar eflaust betur í mörgum öðrum verka okkar en þeim sem við sýnum hér,“ segir hún. „Það verður hins vegar spennandi að bera saman verk þeirra sem sýna í mars og



Morgunblaðið/Golli

Sólveig Aðalsteinsdóttir og Niels Hafstein eru fyrsta „parið“ sem sýnir undir yfirskriftinni Félagar í tilefni af 30 ára afmæli Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík.

apríl. Fyrst sýna Hallsteinn Sigurðsson og Þór Vigfússon en síðan Þorbjörg Pálsdóttir og Ásmundur Ásmundsson. Sýning síðastnefnda parsins er í raun mest spennandi með tilliti til þessa samanburðar, þar sem kynslóðabilið er breiðast þeirra á milli.“

Niels Hafstein lauk námi við Myndlista- og handíðaskólann árið 1973 og nam á verkstæði Ragnars Kjartanssonar myndhöggvara á árunum 1973 til 1979. Niels hefur verið ótull

meðlimur Myndhöggvarafélagsins og á myndlistarsviðinu, ritaði um menningarmál í Þjóðviljann og hefur haft umsjón með fjölda sýninga, m.a. í Nýlistasafninu og Safnasafninu á Svalbarðsströnd.

Sólveig Aðalsteinsdóttir nam í New York og Hollandi að loknu námi við Myndlista- og handíðaskólann árið 1978. Bæði hafa þau Niels haldið fjölda einka- og samsýninga hér heima og erlendis.